

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 3/2020

Kæra Geymslna ehf. á ákvörðun Neytendastofu 9. september 2020 í máli nr. 27/2020.

1. Þann 5. maí 2021 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 3/2020: Kæra Geymslna ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 9. september 2020. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kærnu, dags. 23. september 2020, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að hann hafi brotið gegn 10. gr., sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að veita ekki upplýsingar um verð á vefsíðunum geymslur.is og geymsla24.is. Þá var í ákvörðuninni komist að þeirri niðurstöðu að hann hefði brotið gegn 3. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu með ófullnægjandi upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðunni geymslur.is og gegn 1., 2., 3. og 6. tl. 1. mgr. 6. gr. sömu laga með ófullnægjandi upplýsingum á vefsíðunni geymsla24.is. Með ákvörðuninni var kæranda gert að gera viðeigandi úrbætur á fyrrgreindum vefsíðum en greiða ella dagsektir að fjárhæð 40.000 krónur á dag. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 30/2002.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 18. júní 2020, var gerð athugasemd við upplýsingagjöf kæranda á vefsíðunum geymslur.is og geymsla24.is. Var vísað til þess að samkvæmt f. lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005, þar sem fram kemur að veita skuli upplýsingar um endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld í auglýsingum og öðrum sambærilegum viðskiptaaðferðum, bæri kæranda að veita upplýsingar um verð á vefsíðum sínum ásamt verðskrá á sölustað. Þá ætti hann samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu að veita upplýsingar um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer og leyfi ef við eigi, sbr. 3., 5. og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002. Var óskað eftir skýringum kæranda við upplýsingagjöf á vefsíðum hans, sem teldist samkvæmt ákvæðunum ófullnægjandi.
5. Með bréfi lögmanns kæranda, dags. 25. júní 2020, var því lýst að kærandi væri einkahlutafélag sem leigði út geymsluhúsnæði til lögaðila og einstaklinga í nokkrum fasteignum. Tilgangur félagsins samkvæmt fyrirtækjaskrá væri leiga atvinnuhúsnæðis og bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Á heimasíðu þess komi jafnframt fram að félagið bjóði upp á geymslurými þar sem áhersla sé lögð á

húsnæði undir 50 fermetrum að flatarmáli. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005, sem Neytendastofa vísi til, segi að „ef fyrirtæki hyggst auglýsa eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu skal það eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er, veita upplýsingar um...“. Komi þannig skýrt fram að upplýsingaskyldan nái aðeins til fyrirtækja sem séu að markaðssetja tiltekna þjónustu eða tiltekna vöru. Kærandi bjóði hvorugt. Hann bjóði hins vegar til leigu húsnæði í skilningi húsaleigulaga nr. 36/1994 til einstaklinga og lögaðila. Samkvæmt 12. gr. skilmála húsaleigusamninga kæranda séu samningar hans húsaleigusamningar en ekki þjónustusamningar. Því sé ekki hægt að fallast á að kæranda beri að birta upplýsingar um verð á vefsíðum sínum ásamt því að birta verðskrá á sölustað. Félagið sé hvorki að markaðssetja tiltekna vöru né þjónustu heldur aðeins bjóða til leigu geymsluhúsnæði. Lög nr. 57/2005 eigi því ekki við um starfsemi kæranda.

6. Hvað varðar lög nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu vísar kærandi til þess að lögin nái til þjónustuveitanda, sem sé einstaklingur eða lögpersóna sem láti í té rafræna þjónustu, þ.e. þjónustu sem almennt sé veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Starfsemi kæranda gangi út á að leigja út húsnæði til lögaðila og einstaklinga. Félagið sé því ekki að selja þjónustu til neytenda í atvinnuskyni sem feli í sér geymslu á lausafjarmunum líkt og kveðið sé á um í lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup. Þessi túlkun hafi verið staðfest af Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. E-3620/2018 í máli gegn kæranda.
7. Auk þess beri að geta þess að í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2002 sé nánar skilgreint hvað rafræn þjónusta sé og þau skilyrði sem hún þurfi að uppfylla. Þjónustan þurfi í fyrsta lagi að vera veitt gegn greiðslu, í öðru lagi úr fjarlægð með rafrænum búnaði, í þriðja lagi með rafrænum búnaði sem geri það að verkum að vinnsla og geymsla gagna geti farið fram við sendingu og móttöku þeirra og í fjórða lagi þurfi þjónustan að vera veitt að beiðni þess einstaklings sem þiggi þjónustuna. Í frumvarpinu séu jafnframt tekin dæmi um hvaða þjónusta teljist til rafrænnar þjónustu þar sem hún sé veitt að beiðni þjónustuþega. Séu það til dæmis kvikmyndasýningar sem þjónustuþegi biðji sérstaklega um (e. video on demand), heimasíður sem veiti upplýsingar um sjónvarpsdagskrá og viðskiptaorðsendingar í tölvupósti. Starfsemi kæranda sé með engu móti sambærileg þeirri starfsemi sem talin sé upp í dæmaskyni hér að framan. Þar af leiðandi eigi ákvæði laganna ekki við um starfsemina.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

8. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er fyrst vísað til þess að á það verði ekki fallist að lög nr. 57/2005 eigi ekki við um upplýsingagjöf kæranda. Á vefsíðum kæranda sé gerð grein fyrir því hvernig þjónustu félagið veiti ásamt nánari upplýsingum um sérkenni þjónustunnar, t.d. aðgengi og öryggi, opnunartíma, greiðslufyrirkomulag og viðbótarþjónustu. Þá sé boðið upp á forpöntun geymslu með því að fylla út til þess gert form á síðunum. Þrátt fyrir að á vefsíðunni geymslur.is séu ekki veittar upplýsingar um t.d. stærð einstakra geymslna telji Neytendastofa upplýsingagjöf á síðunni þannig að 10. gr. laganna eigi við. Þá bendi stofnunin á að ákvæði laga nr. 57/2005 taki til allrar atvinnustarfsemi sem beint sé að neytendum. Því hafi ekki áhrif í málinu hvort þjónusta

kæranda teljist geymsla á lausafjármunum í skilningi þjónustukaupalaga nr. 40/2002 eða leiga húsnæðis í skilningi húsaleigulaga nr. 36/1994.

9. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 30/2002 gildi þau um rafræn viðskipti og rafræna þjónustu. Lögin taki til allra þeirra sem veita rafræna þjónustu í gegnum fasta atvinnustöð hérlandis. Það sé mat Neytendastofu að atvinnurekendur sem hafi fasta atvinnustöð hérlandis og veiti upplýsingar um þjónustu sína í gegnum vefsíðu falli undir lög nr. 30/2002. Samkvæmt því beri kæranda að fara eftir ákvæðum laganna. Af svörum kæranda sé ljóst að 5. og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna eigi ekki við um starfsemi hans og komi því ekki til álita. Á vefsíðunni geymslur.is sé gerð grein fyrir nafni, heimilisfangi, póstfangi og þeirri opinberu skrá sem félagið sé skráð hjá. Á vefsíðuna skorti hins vegar upplýsingar um kennitölu samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna. Á vefsíðunni geymsla24.is sé eingöngu að finna póstfang. Á hana skorti því upplýsingar um nafn, heimilisfang, kennitölu og þá opinberu skrá sem kærandi sé skráður hjá, sbr. 1., 2., 3. og 6. tölul. 1. mgr. greinarinnar.
10. Samkvæmt framangreindu hafi kærandi brotið gegn 10. gr., sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 með því að veita ekki upplýsingar um verð á vefsíðunum geymslur.is og geymsla24.is. Þá hafi hann brotið gegn 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 með ófullnægjandi upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðunni geymslur.is og gegn 1., 2., 3. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna með ófullnægjandi upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðunni geymsla24.is. Sé þeim fyrirmælum beint til kæranda að koma verðupplýsingum og upplýsingum um þjónustuveitanda í viðunandi horf á vefsíðunum geymslur.is og geymsla24.is innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunarinnar en greiði ella 40.000 krónur í sekt á dag þar til farið verði að ákvörðuninni.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

11. Í kæru, dags. 23. september 2020, er fyrst vísað til þess að gildissvið laga nr. 30/2002 sé afmarkað í 1. mgr. 1. gr. laganna þar sem orðrétt segi: „Lög þessi gilda um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.“ Hugtakið rafræn þjónusta sé skilgreint í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna sem þjónusta sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega. Ljóst sé að ákvæðin eigi einungis við um þá athöfn að veita rafræna þjónustu, þ.e. þegar þjónusta atvinnurekanda sé veitt úr fjarlægð og með rafrænum hætti. Fyrir liggi hins vegar að sú þjónusta sem kærandi veiti, þ.e. útleiga geymsluhúsnæðis til einstaklinga og lögaðila, sé einfaldlega ekki veitt með rafrænum hætti úr fjarlægð. Hér vísist til þeirrar skilgreiningar sem finna megja í athugasemdum með frumvarpi að lögum þar sem segi að rafræn þjónusta feli í sér „skilyrði að þjónustan sé veitt úr fjarlægð með rafrænum búnaði. Í því felst að þjónustuveitandi og þjónustuþegi mega ekki vera augliti til auglitis þegar þjónustan er veitt.“ Þetta eigi ekki við um starfsemi kæranda, enda sé hvorki þjónustan sjálf né samningsgerð að baki henni rafræn.
12. Svo virðist sem grundvallarmisskilnings gæti hjá Neytendastofu um starfsemi kæranda og hvaða hlutverki vefsíður hans þjóni í þeirri starfsemi. Ekki sé unnt að panta geymslu eða leigja hana í gegnum vefsíðurnar. Neytendastofa hafi kannski hrapað að ályktun þar sem tilvitnaðir flipar á vefsíðu kæranda hafi verið merktir sem „forpöntun“. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning hafi

kærandi breytt þeirri merkingu í „senda fyrirspurn“. Tilgangur vefsíðna og þeirra flipa sem séu til umræðu sé að koma á samskiptum milli kæranda og viðskiptavinar. Engin geymsla sé sem fyrr segir pöntuð í gegnum vefsíðurnar, enda væri það beinlínis óheimilt. Um sé að ræða útleigu geymsluhúsnæðis og slík viðskipti geti ekki farið fram nema viðskiptavinur sýni lögleg skilríki og undirriti sérstakan leigusamning. Tilgangurinn sé fyrst og fremst að komast að því í hvaða húsnæði viðskiptavinurinn vilji leigja geymslu, t.d. í Reykjavík eða Reykjanesbæ, gróflega áætluð stærð geymslunnar og hvenær viðskiptavinurinn vilji fá geymsluna leigða. Um sé að ræða algerlega óskuldbindandi fyrirspurn fyrir báða aðila.

13. Eftir að fyrirspurn hafi verið send til kæranda sé haft samband við viðskiptavininn og honum boðin skoðun á því húsnæði sem hann tilgreini í fyrirspurninni. Þar sé viðskiptavininum kynntir skilmálar húsaleigusamnings, hvaða geymslu séu lausar og geti komið til greina til að uppfylla þarfir viðskiptavinarins, verð þeirra geymslna sem komi til greina og verðskráin öll ásamt stærð geymslna og öðrum upplýsingum sem lög áskilji. Allar upplýsingar sem gerð sé krafa um liggi fyrir á starfsstöðvum kæranda. Þegar viðskiptavinurinn hafi tekið ákvörðun á grundvelli þeirra upplýsinga séu fyrst forsendur fyrir því að gengið sé til samningsgerðar. Allt framangreint sé gert í eigin persónu og hvergi sé því um að ræða rafræn viðskipti. Ákvæði laganna eigi því ekki við um starfsemi kæranda.
14. Hvað varði brot á ákvæðum laga nr. 57/2005 hafni kærandi því að á honum hvíli skylda til þess að birta verðskrá í heilu lagi á vefsíðum sínum enda liggi hún fyrir á öllum starfsstöðvum kæranda og sé kynnt öllum viðskiptavinum ítarlega fyrir samningsgerð. Ákvæðum 10. gr. laganna sé ætlað að innleiða efnislega samhljóða ákvæði 4. mgr. 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/29/EB og því beri að túlka ákvæðin til samræmis við efnisákvæði tilskipunarinnar. Í því ákvæði komi skýrt fram að það eigi við þegar vara eða þjónusta sé boðin neytenda til kaups. Þar segi „Þegar um er að ræða sölutilboð skulu eftirfarandi upplýsingar teljast mikilvægar, hafi ekki mátt ráða þær af samhenginu“. Sömu afmörkun sé að finna í enskum texta ákvæðisins, þar sem segi: „In the case of an invitation to purchase, the following information shall be regarded as material, if not already apparent from the context.“
15. Óumdeilt sé að engin vara eða þjónusta sé boðin til kaups á vefsíðum kæranda og engum sölutilboðum sé því til að dreifa. Að mati kæranda sé því ljóst að umrædd ákvæði 10. gr. laga nr. 57/2005 eigi ekki við í tilviki kæranda eða um upplýsingaskyldu á vefsvæðum hans. Andstæð túlkun samræmist illa bæði ákvæðum tilskipunarinnar og almennri framkvæmd, enda sé ljóst að leiguhúsnæði, líkt og velflest önnur þjónusta og varningur, sé á degi hverjum kynnt á vefsíðum, útvarpi, sjónvarpi og öllum öðrum miðlum án þess að verð eða verðskrá fylgi með.
16. Hér skipti einnig máli að endanleg verð sem kunnir að vera boðin viðskiptavinum kæranda geti einfaldlega ekki legið fyrir á þeim tíma þegar viðskiptavinurinn afli sér upplýsinga á vefsvæði kæranda. Ástæða þess sé að viðskiptavinurinn hafi ekki verið boðin nein tiltekin geymsla til leigu á þeim tímapunkti þegar hann sendi fyrirspurn í gegnum flipa á vefsvæðinu. Með því að senda fyrirspurn hafi viðskiptavinurinn ekki óskað eftir tiltekinni geymslu, eða geymslu í tiltekinni stærð, á tiltekinni hæð eða með tiltekna eiginleika. Það séu því engar forsendur til þess að gefa upp verð

og viðskiptavinurinn hafi engar forsendur til að meta hugsanlegt verð. Þá sé ekki unnt að veita upplýsingar um það hvernig verð sé fundið út, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna, enda séu fjölmargir þættir sem viðskiptavinurinn þurfi að tilgreina til þess að unnt sé að bjóða honum geymsluhúsnæði til leigu.

17. Til nánari skýringa fylgi verðskrá kæranda með kærinni. Í henni megi sjá að hver og ein geymsla í útleigu kæranda hafi tiltekið verð. Um sé að ræða 2.315 geymslur. Verðið ráðist af fjölda þátta, þ.m.t. stærð, staðsetningu, aðgengi, þjónustu, breidd og hæð. Ljóst sé að birting verðskrár á vefsvæði kæranda hafi engan tilgang áður en húsnæði og þjónusta kæranda hafi verið kynnt fyrir viðskiptavinum og viðskiptavinurinn hafi tjáð hvað það sé sem hann ætli að geyma í geymslunni, hversu stórt það sé og hversu lengi hann ætli að leigja geymsluna. Ekkert af þessu sé hins vegar gert á vefsvæði kæranda heldur í eigin persónu á starfsstöð hans. Ljóst sé því að kærandi hafi ekki brotið gegn fyrrgreindum ákvæðum og sé upplýsingagjöf hans að öllu leyti í samræmi við lög og það sem almennt tíðkist í starfsemi á borð við leigu húsnæðis. Sé ítrekað að kærandi veiti allar upplýsingar áður en gengið sé til samninga og fari að öllu leyti að lögum.
18. Með bréfi, dags. 20. október 2020, var Neytendastofu gefinn kostur á að gera athugasemdir við kærana. Í greinargerð stofnunarinnar er fyrst vikið að lögum nr. 30/2002 og tekið fram að í 1. mgr. 1. gr. laganna segi að „lög þessi gilda um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu“. Í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna segi svo: „Rafræn þjónusta: Þjónusta sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega.“ Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2002 sé nánar fjallað um hugtakið „rafræn þjónusta“. Þar komi fram að þó svo að um sé að ræða þjónustu sem almennt sé veitt gegn greiðslu geti hún einnig átt við um þjónustu sem ekki sé veitt gegn endurgjaldi frá þjónustuþega. Af þessu megi ráða að hugtakið „rafræn þjónusta“ útiloki ekki þjónustu sem veitt sé án endurgjalds eða þegar greiðsla vegna þjónustu sé reidd fram síðar, t.a.m. í persónu. Í ljósi framangreinds verði að mati Neytendastofu að túlka hugtakið „rafræn þjónusta“ rúmt. Á vefsíðu kæranda sé að finna margvíslegar upplýsingar um þjónustu félagsins. Þá hafi einnig mátt finna hnapp sem merktur var „forpöntun“ en hafi síðan verið breytt í „senda fyrirspurn“. Þó svo að greiðsla og/eða endanlegur frágangur samnings fari fram síðar er ljóst að stór hluti samningsgerðar neytenda við félagið geti farið fram rafrænt. Það sé því mat Neytendastofu að lög nr. 30/2002 eigi við um starfsemi kæranda.
19. Hvað f. lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 snerti megi í fyrsta lagi ráða af orðalagi ákvæðisins að það eigi ekki aðeins við um auglýsingar í hefðbundnum skilningi þess orðs heldur einnig um aðra slíka viðskiptahætti. Þá segi í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögunum: „Samkvæmt d-lið 2. gr. tilskipunarinnar [Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/29/EB] gildi hún um viðskiptahætti fyrirtækja gagnvart neytendum en með því er átt við hvers konar aðgerð, aðgerðaleysi, hátterni eða framsetningu, samskipti í viðskiptum, þ.m.t. auglýsingar og markaðssetningu, af hálfu söluaðila/fyrirtækis, sem tengist beint kynningu, sölu eða afhendingu á vöru eða þjónustu til neytenda.“
20. Með tilliti til þessa sé ljóst að það hafi verið vilji löggjafans að skylda til verðmerkingar næði ekki einungis til auglýsinga í hefðbundnum skilningi þess orðs heldur einnig til annarra slíkra

viðskiptahátta, s.s. kynningu á þjónustu. Verði því að túlka ákvæðið rúmt þannig að það geti átt við um ýmsa viðskiptahætti, t.a.m. kynningu á þjónustu á netinu. Hvað varði athugasemdir kæranda varðandi það að þjónusta og varningur sé á hverjum degi kynntur á vefsíðum, útvarpi, sjónvarpi og öllum öðrum miðlum án þess að verð eða verðskrá fylgi með vilji Neytendastofa benda á að 1. mgr. 10. gr. laganna kveði á um að taka skuli tillit til þess auglýsingamiðils sem nýttur sé. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 57/2005 segi m.a. að „þegar auglýst er í útvarpi eða sjónvarpi og jafnvel á prenti er ekki raunhæft að koma að þeim upplýsingum sem taldar eru upp í a-f-liðum og er því lagt til að heimilt sé að taka tillit til þess miðils sem notaður er.“ Þótt erfitt geti verið að koma fyrir verðupplýsingum í miðlum eins og útvarpi og sjónvarpi þá eigi slíkt ekki við um vefsíður. Á vefsíðum sé auðvelt að birta mikið magn upplýsinga og því hægðarleikur að birta þar gjaldskrá.

21. Hvað varði athugasemdir kæranda um að ekki sé unnt að veita upplýsingar um það hvernig verð sé fundið út, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005, bendi Neytendastofa á að umrætt ákvæði eigi við í þeim tilvikum þar sem ekki sé hægt að gefa upp verð fyrir fram á einfaldan hátt. Í ljósi þess að kærandi hafi útbúið verðskrá sé ljóst að hann geti uppfyllt kröfur f. liðar 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005.
22. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 25. nóvember 2020, var kæranda gefinn kostur á að koma að frekar athugasemdum vegna greinargerðar Neytendastofu. Ekkert svar barst frá kæranda.

NIÐURSTAÐA

23. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri ákvörðun Neytendastofu að hann hafi, með því að birta ekki verðupplýsingar á vefsíðunum geymslur.is og geymsla24.is, brotið gegn 10. gr. laga nr. 57/2005. Þá hafi hann brotið gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 með því að veita ekki tiltekna upplýsingar um þjónustuveitendur á sömu vefsíðum. Krefst kærandi þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
24. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 57/2005 taka lögin til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Í 5. gr. er mælt fyrir um að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bann þetta gildir áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Í ákvæðinu er vísað til þess að í III.-V. kafla laganna sé nánar tilgreint hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir. Í III. kafla laganna er í 8. gr. mælt fyrir um að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóti í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóti í bága við ákvæði kaflans séu alltaf óréttmætir.
25. Í III. kafla laga nr. 57/2005 er í 10. gr. fjallað um kröfur sem gerðar verða til auglýsinga og sambærilegra viðskiptaaðferða. Með hinni kærðu ákvörðun var meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 10. gr. laganna með því að birta ekki verðupplýsingar á vefsíðum sínum og verður við það miðað að þar hafi verið átt við f. lið greinarinnar. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að hyggist fyrirtæki auglýsa eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum vegna

tiltekinnar vöru eða þjónustu skuli fyrirtækið, eftir því sem við eigi og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur sé, veita upplýsingar um endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld.

26. Á vefsíðunni www.geymslur.is er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemi kæranda, svo sem um geymslurnar sem hægt er að leigja og staðsetningu þeirra, um fyrirtækið sjálft, heimilisfang á starfsstöð þess, opnunartíma og símanúmer. Þá er hægt að senda inn fyrirspurn ásamt því sem veittar eru upplýsingar um hvernig hægt er að ná í fyrirtækið og afla frekari upplýsinga um geymsluhúsnæði. Á vefsíðunni www.geymsla24.is er einnig að finna upplýsingar um starfsemi kæranda, opnunartíma og lýsingu á þeirri þjónustu sem í boði er hjá fyrirtækinu. Eru þeir sem heimsækja síðuna og hvattir til þess að koma á staðinn og skoða þau geymslurými sem fyrirtækið bjóði. Á hvorugri vefsíðunni er hins vegar unnt að ganga frá samningi um tiltekna geymslu. Þá er ekki vísað til tiltekinnar tegundar þjónustunnar
27. Eins og áður greinir á upplýsingaskylda fyrirtækja samkvæmt f. lið 10. gr. laga nr. 57/2005 við um auglýsingar eða aðrar slíkar viðskiptaaðferðir vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu og skal veita upplýsingar um verð eftir því sem við á. Í því tilviki sem hér er til úrlausnar er hvorki um það að ræða að vara eða þjónusta sé seld með beinum hætti í gegnum viðkomandi vefsíður né að sett sé fram sölutilboð vegna mögulegra viðskipta. Vefsíðurnar fela samkvæmt framansögðu einungis í sér kynningu á starfsemi kæranda, og upplýsingar um hvernig nálgast megi kæranda til þess að koma á viðræðum um leigu á tilteknu rými, en ekki auglýsingu eða aðra viðskiptaaðferð vegna tiltekinnar þjónustu, svo sem einstöku afmörkuðu geymslurými. Framangreint ákvæði verður ekki túlkað þannig að fyrirtækjum sé almennt gert að birta verðskrá vegna þess eins að þau halda úti vefsíðu með upplýsingum um starfsemi sína. Verður enda ekki séð að í slíkum tilvikum sé fullnægt því skilyrði, að um boð eða kynningu á tiltekinni vöru eða þjónustu sé að ræða, nema það sé beinlínis gert á síðunni. Með vísan til framangreinds, og þar sem ekki liggur fyrir að kærandi hafi boðið tiltekna þjónustu til sölu á umræddum vefsíðum, verður ekki séð að kærandi hafi gerst brotlegur við f. lið 10. gr. laga nr. 57/2005.
28. Í hinni kærðu ákvörðun var einnig byggt á því að kærandi hefði brotið gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu með því að hafa ekki tilgreint tiltekna upplýsingar á vefsíðum sínum. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna gilda lögín um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Í 1. tölulið 2. gr. er rafræn þjónusta skilgreind sem þjónusta sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega. Í hinni kærðu ákvörðun er á því byggt að atvinnurekendur sem hafi fasta atvinnustöð á Íslandi og veiti upplýsingar um þjónustu sína í gegnum vefsíðu falli undir þessa skilgreiningu. Í greinargerð sinni vegna meðferðar máls þessa fyrir áfrýjunarnefndinni hefur stofnunin rökstutt þessa afstöðu sína með tilvísun til athugasemda í frumvarpi til laga nr. 30/2002 þar sem fram komi að hugtakið rafræn þjónusta geti átt við um þjónustu sem ekki sé veitt gegn endurgjaldi frá þjónustuþega. Verður samkvæmt þessu að ætla að í hinni kærðu ákvörðun hafi verið við það miðað að umfjöllun kæranda um starfsemi sína á fyrrgreindum vefsíðum hafi falið í sér rafræna þjónustu við þá neytendur sem heimsóttu síðurnar.

29. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2002 er vikið að skilyrði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 30/2002 um rafræna þjónustu. Segir þar að svokölluð beinlínutengd sala falli undir hugtakið. Hins vegar geti þjónusta, sem ekki sé veitt gegn endurgjaldi frá þjónustuþega, fallið undir hugtakið feli hún í sér atvinnustarfsemi. Þjónusta sem feli í sér upplýsingagjöf sem fjármögnuð sé með auglýsingum geti þannig fallið undir hugtakið. Einnig geti þjónusta sem felist í leit að gögnum eða aðgengi að þeim talist til rafrænnar þjónustu, þótt sá sem biðji um leitina eða aðgengið greiði ekki fyrir þjónustuna. Samkvæmt þessu geti eftirtalið talist til rafrænnar þjónustu, enda feli hún í sér atvinnustarfsemi: Upplýsingaþjónusta á netinu, aðgangþjónusta á netinu, flutningur gagna um netið, hýsing gagna, SMS-skilaboð, WAP-þjónusta og leitarþjónusta á netinu. Þá falli „sala og auglýsingar á netinu“ undir hugtakið.
30. Af framangreindum ummælum í frumvarpi til laga nr. 30/2002 má ráða að sá fyrirvari sem gerður er í orðalagi ákvæðisins, er lýtur að því að þjónustan sé „almennt“ veitt gegn greiðslu, lúti fyrst og fremst að því að þjónustuveitandi rafrænnar þjónustu kunni að hafa ávinning af veitingu þjónustunnar með öðrum hætti en með greiðslu frá þeim sem nýtir þjónustuna. Kann þetta að eiga við þegar þjónustuveitandi selur auglýsingar á vefsíðu þar sem þjónustan er veitt. Í því tilviki sem hér er til skoðunar gerði kærandi ekki annað en að kynna eigin starfsemi gagnvart neytendum á vefsíðum sínum. Verður ekki séð að kærandi hafi annan ávinning af slíkri kynningu en að hvetja neytendur til að kaupa þjónustu kæranda og/eða veita upplýsingar um hvernig nálgast megi þjónustu kæranda. Samkvæmt þessu, og þar sem ekki liggur annað fyrir en að gengið sé til samninga við kæranda um þjónustu hans á starfsstöð hans en ekki umræddum vefsíðum, verður ekki fallist á þá forsendu hinnar kærðu ákvörðunar að um rafræna þjónustu í skilningi fyrrgreindra laga sé að ræða. Samkvæmt því átti upplýsingaskylda 6. gr. laganna því ekki við um vefsíðuna eins og byggt var á í hinni kærðu ákvörðun.
31. Með vísan til alls framangreinds er hin kærða ákvörðun felld úr gildi.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Gunnar Páll Baldvinsson

